

Aðalfundur Skátasambands Reykjavíkur haldinn í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 , fimmtudaginn 23. mars 2017 kl. 20:00

#### Dagskrá fundarins er skv. lögum SSR gr: 2.6.

1. Kosning fundarstjóra og ritara.  
Stungió er uppá Auðnu Ágústsdóttur sem fundarstjóra og Sonju Kjartansdóttur sem fundarritara. Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og atkvæðaseðlum var dreift. Árbúar, Garðbúar, Hamar, Landnemar, Segull og Skjöldungar 3 atkvæði hvert Hafernir og Ægisbúar 2 atkvæði hvert Samtals 22 atkvæði á fundinum
2. Lögð fram skýrsla stjórnar. Hrönn talaði út frá skýrslu stjórnar og kom inná marga þætti sem þar eru nefndir, en hún hvatti fundarmenn til að lesa skýrsluna en hún er á netinu. Umræður: Arnlaugur Landnemun ósáttur við texta í skýrslu þess efnis að Landsnemar eru sagðir tilheyra Hlíðunum og óskar eftir því að þetta verði leiðrétt. Sigrún Ósk vil taka fram að Hafernir eru ekki ósátt þó þau séu ekki í skátaheimili en þau eru í frístundaheimili. Einhver nöfn vantaði í skýrsluna yfir skáta sem lokið hafa Gilwell þjálfun það mun verða leiðrétt samkv. ábendingum.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun til eins árs. Umræður: Arnlaugur Landnemur spurðist fyrr um skipingu skammtímakrafna. Ylfa Segull spurði út í skuldir ÚSÚ og hvort von væri á að þetta myndi verða greitt í ár. Það eru væntingar til þess. Laddi Segull spurði út í lokagreiðslu á jörðinni ÚSÚ. Ylfa Segull spurði í skammtímaskuldir og styrki til skátastarfa og styrkir til útilífsskóla Laddi Segull spurði út í fjárhagsáætlun – aðrar tekjur og annan kostnað. Arnlaugur Landnemi spurði út í afskriftir. Guðmundur Þór spurði hvort hægt væri að setja inn fjárhagsáætlun um að styrkja skátafélögin til að sækja þá skála sem eru í eigu SSR.
4. Tillögur um lagabreytingar kynntar:

#### **Flutningsmaður: Jón Andri Helgason**

#### **Lögð fram á aðalfundi 23.mars 2017**

Grein 3.2 hljóðar svona:

Félögin skulu senda til stjórnar SSR og stjórn BÍS ársskýrslur, reikningsuppgjör síðasta reikningsárs, starfsáætlun og árgjöld fyrir 15. mars ár hvert.

Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

Grein 3.2

**Félögin skulu senda til stjórn SSR ársskýrslu, ársreikning síðasta árs, rekstar-og starfsáætlun yfirstandandi árs og félagatal eftir aldurstigum fyrir 1.mars ár hvert til þess að fá atkvæði á aðalfundi SSR.**

Greinargerð:

Uppfærsla til að samræma að lögum BÍS varðandi skil á gögnum með viðbættu ákvæði um að skila inn félagatali eftir aldurstigum og að félögin fái atkvæðisrétt á aðalfundi ef skilað er ofangreindum gögnum fyrir tilsetin tíma. En ekkert ákvæði eða skilyrði eru núna í lögum fyrir félög til að fá atkvæðisrétt á aðalfundi SSR. Ástæða fyrir því að stjórn SSR þarf félagatal eftir aldurstigum er að stjórn SSR þarf að geta með skömmum fyrirvara nálgast fjöldatölur skátafélaganna eftir aldurstigum til þess að upplýsa Reykjavíkurborg hvað eru margir starfandi skátar á viðkomandi árum. Umræður. Arnlaugur Landnemur kom með breytingartillögu : en ákveðið var að vinna að sameiginlegri breytingartillögu sem hljómar þannig :

#### **Breytingatillaga við tillögu JAH um breytingu á lögum SSR:**

#### **Flutningsmaður: Arnlaugur Guðmundsson**

#### **Lögð fram á aðalfundi 23.mars 2017**

Grein 3.2 hljóðar svona:

Félögin skulu senda stjórn SSR og stjórn BÍS ársskýrslur, reikningsuppgjör síðasta reikningsárs, starfsáætlun og árgjöld fyrir 15. mars ár hvert.

Tillaga JAH hljóðar svo:

Félögin skulu senda til stjórn SSR ársskýrslu, ársreikning síðasta árs, rekstar-og starfsáætlun yfirstandandi árs og félagatal eftir aldurstigum fyrir 1.mars ár hvert til þess að fá atkvæði á aðalfundi SSR.

*Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:*

Grein 3.2

**Atkvæði félaga á aðalfundi SSR er háð því skilyrði að félagið hafi skilað tilskildum gögnum vegna skátaþings til BÍS, með afriti til SSR, og félagatali eftir aldurstigum, innan tilskilins tímafrests.**

### **Greinargerð.**

Þetta er aðlögun og uppfærsla á lögum SSR til að samræma þau lögum BÍS. Atkvæðaréttur á skátaþingi er bundin skátafélögum með aðild A að BÍS (öll venjuleg skátafélög) og því skilyrði að þau skili fyrir 1. mars árlega eftirfarandi gögnum til skrifstofu BÍS:

- félagatali
- ársskýrslu síðast starfsárs
- afriti af gildandi lögum félagsins
- starfsáætlun næsta starfsás
- undirrituðum heimildum til BÍS til að mega kanna sakaskrá allra félaga 18 ára og eldri.

Með þessari breytingatillögu eru sömu skyldur lagðar á herðar félögunum til að þau öðlist atkvæðarétt á aðalfundi SSR og á skátaþingi. Verði breyting á 10. grein laga BÍS, t.d. um að færa skiladaginn til í tíma, þarf ekki að breyta lögum SSR til samræmis.

5. .Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga, Breytingartillagan samþykkt með 17 atkvæðum enginn á móti 5 sátu hjá.

Skýrsla stjórnar: samþykkt – Arnlaugur gerði sérstaklega grein fyrir sínu athvæði og þakkaði fyrir góða skýrslu.

Reikningar : Samþykktir.

Fjárhagsáætlunar. Samþykkt.

6. Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7. Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.

- **Stjórn**
  - Formaður SSR – Hrönn Þormóðsdóttir Samþykkt
  - Gjaldkeri – Páll L. Sigðurðsson Samþykkt
  - Meðstjórnandi – Baldur Árnason Samþykkt
  - Meðstjórnandi – Sif Pétursdóttir Samþykkt
  - **Par sem Páll L. Sigðurðsson gefur kost á sér til gjaldkera þá losnar um eitt sæti til eins árs sem meðstjórnandi.**
  - Nanna Guðmundsdóttir gefur kost á sér Samþykkt
  - **Skoðunarmenn- 2 sæti til eins árs**
  - Hanna Guðmundsdóttir Samþykkt
  - Skattur og bókhald Samþykkt
7. Kosning tveggja skoðunarmanna.
  - **Skoðunarmenn- 2 sæti til eins árs**
  - Hanna Guðmundsdóttir Samþykkt
  - Skattur og bókhald Samþykkt

8. Kosning þriggja manna í laganefnd og þriggja manna í uppstillingarnefnd fyrir næsta aðalfund og skal formaður kosinn sérstaklega. Kjósa skal sérstaklega um hvern mann.

• **Laganefnd – 3 sæti til eins árs**

Eva Indriðadóttir - samþykkt  
Ylfa Garpsdóttir formaður samþykkt  
Sigurjón Einarsson samþykkt

• **Uppstillingarnefnd – 3 sæti til eins árs**

Auðna Ágústsdóttir - samþykkt  
Ágúst Arnar Þráinsson Formaður – Samþykkt  
Elmar Orri Gunnarsson – Samþykkt

9. Kosning eins fulltrúa af tveimur í eftirtalin ráð og nefndir: Minjanefnd, Úlfljótsvatnsráð og Hafravatnsráð. Kosningin er til tveggja ára.

• **Minjanefnd- 1 sæti til tveggja ára**

Sigrún Sigurgestsdóttir samþykkt

• **Úlfljótsvatnsráð- 1 sæti til tveggja ára**

Þróstur Ríkharðsson samþykkt

• **Hafravatnsráð- 1 sæti til tveggja ára**

Guðmundur Þór Pétursson samþykkt

10. Önnur mál

I. Ágúst Hamri þakkaði SSR fyrir að hafa aðalfundinn rafrænan. Hann kom með tölfræði á núverandi stjórn 53% karlar og 47% konur – einnig kom hann með fleiri skemmtilegar tölfræðilegar upplýsingar.

II. Þórhallur Segull ítrekaði tillögu frá síðasta ári um sameiginleg einkenni fyrir skáta í SSR sem var þannig:  
til að foringjar séu auðkenndir á skátamótum og öðrum sameiginlegum viðburðum, skátarnir upplifi að Foringjaklútar/-einkenni Skátafélagið Segull skorar á stjórn SSR að beita sér fyrir því að hanna og/eða útfæra foringjaklúta eða annars konar foringjaeinkenni sem foringjar skátafélaganna í Reykjavík geta borið. Tilgangurinn er margþættur en þar mætti helst nefna einkennin séu eftirsóknarverð og að þegar skátar frá öllu landinu koma saman séu foringjar frá Reykjavík hluti af heild.

Baldur SSR/Segull Upplýsiti að stjórn SSR hefði tekið þetta fyrir og að svör hafi verið send á félagsforingja

III. **Baldur SSR/Segull lagði fram eftirfarandi tillögu:**

Tillaga Aðalfundur SSR 23. mars 2017 veitir stjórn SSR heimild til að hefja viðræður við Bandalag íslenskra skáta um kaup / leigu á rekstri og/eða jörðinni á Úlfljótsvatni. Markmið slíkra viðræðna er að gefa félögunum í Reykjavík skýra valkosti varðandi framtíð og eignarhald Úlfljótsvatns.

Stjórn SSR skal upplýsa félagsforingja á félagsforingjafundi um stöðu mála og nota þá til að fá álit/umræðu um einstök mál viðræðanna.

Niðurstöður viðræðanna skal bera undir aðalfund SSR 2018 sem tekur upplýsta ákvörðun um framhald málsins.

Greinargerð :

Um nokkurt skeið hefur umræðan um sölu SSR á hlut sínum í Útílífsmiðstöðinni á Úlfljótsvatni komið reglulega upp.

Undanfarin ár hefur reksturinn orðið sífellt þyngri og siendurtekið tap austur á Úlfjótuvatni er staðreynd. Síðustu tvö ár hafa fyrirframgreiðslur eiganda brúað tapreksturinn og því erum við sífellt að fá lánað af framtíðartekjum og þannig ýtum við boltanum á undan okkur. Til að koma rekstrinum á réttan kjöl liggur það fyrir að ráðast þarf í töluverðar fjárfestingar. Ef ekkert verður að hafst eru líkur á því að eigendur þurfi að borga enn meira með staðnum sem bitnar á skátafélögunum í Reykjavík.

Starfsemin á Úlfjótuvatni væri betur sett ef aðeins væri einn eigandi með skýr markmið og ábyrgð á uppbyggingu á staðnum. Eins og staðan er í dag fara markmið eigandanna ekki fullkomlega saman.

Annar eigandinn leggur áherslu á að nýta staðinn fyrir stór skátamót á meðan hinn eigandinn leggur meiri áherslu á ábyrgja uppbyggingu fyrir skátafélögin í landinu. Hvort um sig eru góð markmið en fara ekki alltaf saman.

Tillagan veitir stjórn SSR heimild til að fara í slíkar viðræður til að sjá hvaða möguleikar eru í stöðunni og gefa forystu skátafélaganna í Reykjavík forsendur til að taka ákvörðun um framtíð Úlfjótsvatns. Telji stjórnin/félagsforingjafundur að viðræður muni ekki þjóna hagsmunum skátafélaganna í Reykjavík getur stjórn SSR slitið viðræðunum.

Fyrstu skref verði þessi tillaga samþykkt væru að stjórn SSR óski formlega eftir viðræðum við BÍS þar sem kannaður væri áhugi beggja aðila. í kjölfarið, ef áhugi er til staðar, yrði búin til verkáætlun og tímarammi fyrir viðræðurnar. Lögð er áhersla að fá álit félagsforingja og halda þeim upplýstum, auk fagaðila.

Tillagan er ekki skuldbindandi og hugsuð til að kanna þann möguleika að selja / legja reksturinn og /eða jörðina. Endanleg ákvörðun verður alltaf í höndum aðalfundar SSR og BÍS.

Flutningsmenn.

Baldur Árnason - Stjórn SSR og Segull

Benedikt Þorgilsson- Stjórn SSR og Garðbúi

Jón Andri Helgason – Verkefnastjóri SSR og Árbúi

Umræður : Hrönn SSR skýrði frá því að þessi tillaga kemur ekki frá stjórn þar sem ekki er samstaða í stjórninni en hún fagnar tillögunni þar sem það er félaganna að taka ákvörðun um þetta.

Haukur Ægisbúar segir Ægisbúa ekki vera að sækja ÚSÚ þar sem það er of dýrt Arnlaugur Landnemar misskildi tillöguna þar sem þegar hann las tillöguna hélt hann að SSR ætlaði að fara í umræðu um að kaupa ÚSÚ – hann tekur undir að það er dýrt að fara á ÚSÚ Hann er ánægður með að SSR eigi 50% í ÚSÚ

Benedikt Garðbúar – Segir að þar sem skátar í Reykjavík eigi meira í ÚSÚ en borga það sama og aðrir skátar í landinu og það sé ósangjarnt. Telur að áherslur eigandana séu of ólíkar

Arthur SSR segir að auðvita eigi að skoða þetta.

Sveinbjörn Skjöldungar bendir á að BÍS sé ekki að átta sig á því að styrkir frá Reykjavík komi í gegnum Skáta í Reykjavík

Guðmundur Skjöldungar – Mjög gott að ræða þetta, og gott að benda á mismunandi sjónarmið þegar farið er í framkvæmdir.

Haukur Ægisbúar – spyr ef viðræður tæki skemmri tíma væri þá hægt að taka þetta fyrir að sér fundi. Baldur SSR telur að svona stór ákvörðun ætti að vera tekin á Aðalfundi.

Páll SSR segir núna sé tímabært að skoða þessi mál og hvetur fundarmenn til að samþykkja tillöguna.

Jón Andri – samkvæmt lögum SSR er ekki hægt að halda auka aðalfund

Helgi Garðbúar – benti á að nú er komin ný stjórn hjá BÍS og kannski sé nú lag.

Sigurgeir Landnemar talaði um mikið tap undanfarin ár á ÚSÚ – hver eru okkar markmið með eignarhaldi

Tillagan samþykkt með 20 atkvæðum

IV. Egle Landnemun kom og minnti á Landnemamót í júní

V. Haukur SSR -Þakkaði Arthuri fyrir góð störf

Fundi slitið 22:30